

Ákvörðun endurskoðendaráðs um lokun máls varðandi Húsfélag Glæsibæjar.

Ár 2012, fimmtudaginn 16. febrúar, tók endurskoðendaráð eftirfarandi ákvörðun:

Málavextir.

Með bréfi dagsettu 7. júní 2011 barst endurskoðendaráði erindi frá Húsfélagi Glæsibæjar (HG) vegna mögulegra brota fyrrum framkvæmdastjóra félagsins á lögum um endurskoðendur. Við athugun málsins taldi endurskoðendaráð ekki tilefni til að hefja athugun vegna starfa framkvæmdastjórans þar sem athafnir hans sem kvartað var vegna vörðuðu ekki störf hans sem endurskoðanda samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Vegna upplýsinga í bréfi HG taldi ráðið hins vegar rétt að taka til sérstakrar athugunar hvort að einhver þau tengsl væru milli þess endurskoðanda er áritaði ársreikninga HG vegna árána 2001-2007 og fyrrverandi framkvæmdastjóra HG er gætu talist fela í sér brot á endurskoðandans á þágildandi lögum nr. 18/1997 um endurskoðendur. Með bréfi dagsettu 7. september var umræddum endurskoðanda tilkynnt um meðferð málsins hjá endurskoðendaráði. Með bréfi dagsettu 18. nóvember 2011 var endurskoðandinn beðinn um að leggja fram gögn og gefa nánari skýringar á tengslum sínum við fyrrum framkvæmdastjóra HG einkum með það fyrir augum að upplýst væri hvort að endurskoðandinn hefði unnið umrætt verk, þ.e. áritun reikninga HG sem starfsmaður endurskoðunarskrifstofu framkvæmdastjóra HG eða verið tengdur honum á annan þann hátt að væri til þess fallið að vekja efa um óhæði endurskoðandans. Skýringar endurskoðandans bárust með bréfi dagsettu 16. desember 2011 þar sem hann lagði fram reikninga vegna vinnu sinnar fyrir Húsfélag Glæsibæjar. Þar kom fram að félag hans JKJ endurskoðun ehf. hafi sinnt endurskoðun ársreikninga HG vegna árána 2001-2007. Lagði hann fram afrit reikninga vegna verksins á tímabilinu 2003-2007 frá JKJ endurskoðun ehf. til HG máli sínu til stuðnings. Hann lýsti því jafnframt yfir að fyrirtæki hans hefði leigt aðstöðu hjá endurskoðunarfyrirtæki fyrrum framkvæmdastjóra HG en með aðskilinn rekstur. Með bréfi dagsettu 12. janúar 2012 var Húsfélagi Glæsibæjar skýrt frá bréfi þessu og boðið að leggja fram innan tveggja vikna frekari gögn máli sínu til stuðnings. Ekki bárust frekari gögn eða skýringar frá kvartanda.

Niðurstaða.

Með vísan til ofanritaðs telur endurskoðendaráð ekki fram komin nein gögn því til stuðnings að endurskoðandinn hafi við störf sín við endurskoðun HG gerst brotlegur við óhæðisreglur áðurgildandi laga nr. 18/1997 um endurskoðendur. Með vísan til þessa telur ráðið ekki tilefni til frekari athugunar málsins og er því hér með lokið.

Endurskoðendaráð

(sign)